



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs,

Kópavogi, 15. mars 2021
2011221/001.02 GEF

Efni: Borgarholtsbraut 39. Niðurstaða úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Hinn 12. mars 2021 kvað úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála upp úrskurð í máli nr. 112/2020.

Málið varðaði ákvörðun byggingarfulltrúa Kópavogs um að samþykkja umsókn um leyfi til að reisa fjórbylishús að Borgarholtsbraut 39.

Úrskurðarnefndin komst að þeirri niðurstöðu að með hinni kærðu ákvörðun sé vikið svo frá því nýtingarhlutfalli sem almennt gerist á lóðum á viðkomandi hluta Borgarholtsbrautar að ekki hafi verið skilyrði til að grenndarkynna byggingarleyfisumsóknina. Taldi nefndin að slík hækkun á nýtingarhlutfalli hafi óhjákvæmilega áhrif á þéttleika byggðar og byggðarmynstur en jafnframt taldi nefndin að ekki hafi verið tekið mið af rammaákvæði gildandi aðalskipulags. Af þeim sökum var hin kærða ákvörðun felld úr gildi.

Virðingarfyllst,

Guðrún Edda Finnbogadóttir

Guðrún Edda Finnbogadóttir
Lögfræðingur

Skjal sótt af '0000000000' dags: 18.08.2026